

mbl.is/frettir




Innlent | mbl.is | 11.9.2009 | 18:37

Innlyksa vegna vatnavaxta

Mikið úrhelli hefur verið víða á Suðurlandi í dag. Í Mýrdalnum rauf áin Klífandi skörð í varnargarð og veginn upp í Fellsmörk vegna vatnavaxta. Nokkrir bílar eru í sumarhúsabyggðinni í Fellsmörk og eru þeir sem þar dvelja því tepptir, að sögn Jónasar Erlendssonar í Fagradal.

„Ær urðu einnig innlyksa þegar varnargarðurinn og vegurinn gáfu sig og það er ekki vitað hvernig hægt verður



 mbl.is/Jónas



Ær urðu innlyksa þegar varnargarður gaf sig við ána Klífanda. *mbl.is/Jónas Erlendsson*

að ná þeim,“ segir Jónas.

Ófært yfir Krossá á leiðinni inn í Þórsmörk vegna vatnavaxta en einnig er mikill vöxtur í öðrum ám á þeirri leið. Ragnheiður Hauksdóttir, staðarhaldari í Húsadal, sagði í dag að allir lækir séu eins og stórfljót.

Varar lögreglan á Hvolsvelli vegfarendur, sem ætla að leggja á hálendisleiðir í kvöld og um helgina, við færð á svæðinu og hvetur fólk til að kanna með færð á þessum leiðum áður en lagt er af stað. Gríðarleg úrkoma er á svæðinu og hafa vötn og ár margfaldað rennsli sitt og því orðin hættuleg yfirferðar.



Imagery ©2009 TerraMetrics - Terms of Use

Slóð: http://mbl.is/mm/frettir/innlent/2009/09/11/innlyksa_vegna_vatnavaxta/

Skoðað: 2009-09-14 11:12

© mbl.is/Árvakur hf